

# Fundargerð 29. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 10. mars kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Dagbjört Jónsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Gunnsteinn R Ómarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Arnar Þór Sævarsson.

Forföll boðuðu: Gunnar Þorgeirsson, Sigrún Hauksdóttir, Unnur Lára Bryde og Nanna Jónsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stefnumörkun stjórnar - Samtök orkusveitarfélaga 2013-2020 - 1511003SO

Lögð fram stefnumótun orkusveitarfélaga 2014-2016 sem taka þarf til endurskoðunar.

*Framkvæmdastjóra falið að gera breytingar á skjalinu í samræmi við umræður á fundinum. Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi.*

Kristín María kom inn á fundinn kl. 11:30

### 2. Starfshópur til að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem flytja orku - 1603002SO

Stefán Bogi fer yfir stöðu verkefnisins en Stefán er fulltrúi orkusveitarfélaga í starfshópnum.

*Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að nýr starfshópur verði skipaður til að vinna úr niðurstöðu hópsins sem senn lýkur nú störfum. Nýr hópur fái víðtækara umboð til að gera tillögur að breytingum á núverandi kerfi.*

Kristín María fór af fundi kl. 12:30.

### 3. Skattlagning vatnsréttinda - 1701002SO

Lögð fram drög að bréfi til aðildarsveitarfélaga þar sem þau eru hvött til að senda erindi til Þjóðskrár Íslands og óska eftir fasteignamati á vatns- og jarðhitaréttindi sem tekin hafa verið til nýtingar.

*Samþykkt að heimila formanni að óska eftir lögfræðiaðstoð við að útbúa leiðbeiningar fyrir sveitarfélögin.*

### 4. Starfshópur til að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem flytja orku - 1603002SO

Rætt um gerð lögfræðilegs minnisblað um breytingar á löggjöf um skattlagningu orkumannvirkja en stjórn samþykkti á fundi sínum 10. nóvember sl. að leita eftir tilboðum í verkefnið.

*Samþykkt að leggja fram drög að ramma fyrir verkefnið á næsta stjórnarfundi.*

**5. Fundur með aðstoðarmanni fjármálaráðherra - 1702001SO**

Lagt fram stutt minnisblað frá fundi sem formaður og framkvæmdastjóri áttu með aðstoðarmanni fjármála- og efnahagsráðherra þann 17. febrúar sl.

**6. Merki Samtaka orkusveitarfélaga - 1609002SO**

Lögð fram drög að merki fyrir samtökin.

*Kynnt hugmynd að merki samtakanna. Framkvæmdastjóra falið að útfæra merkið í samræmi við umræður á fundinum.*

**7. Raforkumarkaður á tímamótum - Kynningarfundur Landsvirkjunar - 1703002SO**

Framkvæmdastjóri sagði frá morgunverðarfundum Landsvirkjunar undir yfirheitinu "Raforkumarkaður á tímamótum" sem hann sat mánudaginn 6. mars sl.

**8. Fundur með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra - 1703001SO**

Rætt um fund sem stjórn eða hluti af stjórn mun eiga með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra síðar um daginn.

*Formaður og framkvæmdastjóri munu fara á fundinn fyrir hönd samtakanna.*

Fundi var slitið kl. 13:10